

12. Fundur Stjórnar Beint frá Býli haldin í Borgarnesi 15.04.2015

Mættir eru allir aðalmenn, Guðmundur Jón Guðmundsson, Heidi Laubert Andersen og Þorgrímur Einar Guðbjartsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn varamaðurinn Hanna Kjartsansdóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir og fært til bókar:

- 1 Aðalfundur 2015.
Áhveðið er að halda aðalfund 2015 þann 9. maí kl 13 og stefnt að því að hann verði að Sakjaldarvík við Akureyri. Samhliða aðalfundi verður boðið uppá námskeið á vegum Prómat um Uppsetningu á heimavinnslu.
- 2 Reikningar vegna 2014
Gjaldkeri lagði fram reikninga vegna 2014 og þar kemur í ljós að tap var á rekstri félagsins að upphæð kr 2,7 milljónir. Rætur þess eru annarsvegar þær að styrkur frá ráðuneyti var einungis 2/5 af styrk fyrra árs og óheyrilegs kostnaðar fór í lögfræðiaðstoð vegna samskipta við MAST
- 3 Fjárhagsáætlun 2015
Styrkur frá ráðuneyti hefur verið afgreiddur kr 2 milljónir. Beint frá býli tekur þátt í Hrafnagilsmarkaðnum 2015, áætlaður kostnaður er 200 þús. Verði rekstur félagsins með svipuðu sniði út þetta ár, þá má reikna með að tekjur verði rúmar 3 milljónir og gjöldin 3,5 milljónir, þannig að útlit er fyrir tap, sem þýðir að gjaldkeri verður að fara heim og laga áætlunina fyrir aðalfund, þannig að fjárhagsáætlun verði amk á núlli.
- 4 Stjórnarkjör á aðalfundi
Rætt um stjórnarkjör. Heidi gefur ekki kost á sér áfram.
- 5 Svör frá MAST
Rætt um gögn sem komið hafa frá MAST vegna fyrirspurna Beint frá býli um sauða- og geitamjólkur afurðir. Ákveðið að taka saman það sem gert hefur verið og hafa samband við fjölmiðla og greina þeim frá stöðu mála.
- 6 Nýir félagar. Umsókn liggur fyrir frá Áshóli í Grýtubakkahreppi, en þar eru framleiddar kartöflur. Samþykkt.
- 7 Önnur mál.
A Samvinna beint frá býli, ferðapjónustu bænda og opins landbúnaðar.
Þorgrímur sagði frá fundum sem haldnir hafa verið um þetta og var samþykkt að við höldum áfram með það.
B Óformleig beiðni kom frá Búdrýgindum um að við myndum styrkja gerð myndefnis sem þau eru að vinna að á svipuðum forsendum og Hið blómlega bú. Félagið hefur ekki bolmagn til að verða við þeirri beiðni. Þá liggur enn hjá garði að fá kynningarmyndband sem samið var um að Búdrýgindi myndu gera fyrir félagið.

C Samþykkt að sækja um styrk til Landsambands Sauðfjorbænda sérstaklega vegna lögfræðikostnaðar vegna baráttu félagsins fyrir hagsmunum sauða- og geitfjorbænda vegna krafna frá MAST.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:10

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, ritari

Guðmundur Jón Guðmundsson

Heidi Laubert Andersen

Hanna Kjartansdóttir